

Priðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 272/1992.

**Protabú Töggs hf.**

(Skarphédinn Þórisson hrl.)

gegn

**Bíldshöfða 16 hf.**

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Gjaldþrot. Riftun. Bætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1992. Hann gerir eftirfarandi dómkröfur: „1. Að rift verði með dómi greiðslu Töggs hf. við stefnda, að fjárhæð 14.021.034 kr., per 31. 12. 1986, sbr. bréf Ingvars Björnssonar hdl., dags. 20. mars 1987, til Töggs hf. 2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 14.021.034 kr. með 49,2% ársvöxtum frá 1. desember 1987 til 15. desember 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags“. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Framsal Töggs hf. til stefnda á viðskiptamannakröfu fór fram, meðan á greiðslustöðvun stóð hjá Töggi hf. Var sú ráðstöfun óheimil samkvæmt 1. mgr. 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem í gildi voru á þeim tíma, og riftanleg samkvæmt 59. gr. sömu laga. Stefndi samþykkti þegar riftun. Þrátt fyrir framsal kröfunnar til stefnda voru öll bókhaldsgögn hana varðandi í höndum áfrýjanda. Skiptastjóri þrotabúsins hefði haft tök á að hlutast til um innheimtu kröfunnar hjá skuldara hennar eftir samþykkt riftunar. Með öllu er ósannað, að áfrýjandi hafi beðið tjón af ráðstöfun þessari, og verða honum því eigi dæmdar bætur samkvæmt 63. gr. laga nr. 6/1978. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

## D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, þrotabú Töggs hf., greiði stefnda, Bíldshöfða 16 hf., 300.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. maí 1992.**

Mál þetta, sem dómtekið var 28. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af þrotabúi Töggs hf., nnr. 8959–1902, Bíldshöfða 16, Reykjavík, gegn Bíldshöfða 16 hf., nnr. 1109–0567, Bíldshöfða 16, Reykjavík, með stefnu, birtri 8. desember 1987.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að rift verði með dómi greiðslu Töggs hf. við stefnda, að fjárhæð 14.021.034 kr., per 31. 12. 1986, sbr. bréf Ingvars Björnssonar hdl., dags. 20. mars 1987, til Töggs hf.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 14.021.034 kr. með 49,2% ársvöxtum frá 1. desember 1987 til 15. desember 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. [...]

3. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær, að rift verði greiðslu Töggs hf. við stefnda, að fjárhæð 14.021.034 kr. miðað við 31. 12. 1986, skil verði á greiðslu skv. 64. gr. laga nr. 6/1978 og að stefndi komi að kröfu sömu fjárhæðar vegna skuldar stefnanda við stefnda vegna veðskulda, sem hvíla á fasteign stefnda, en stefnandi er skuldari að, við skipti á búi stefnanda. Þess er krafist, að stefndi verði að öðru leyti sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda auk virðisaukaskatts.

Mál þetta var dæmt í héraði með dómi bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1989. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 7. nóvember 1991, var sá dómur og málsmeðferð frá og með 31. janúar 1989 ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju. Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 28. apríl 1992.

## I.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að 16. júní 1987 hafi bú Töggs hf. verið tekið til gjaldþrotaskipta hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík. Áður hafi félagið verið í miklum greiðsluerfiðleikum og hafi 30. janúar 1987 farið þess á leit við borgarfógetaembættið í Reykjavík, að félaginu yrði

veitt heimild til greiðslustöðvunar. Heimild til greiðslustöðvunar hafi verið veitt með úrskurði, dags. 2. febrúar 1987, í 3 mánuði, og hafi sá frestur verið framlengdur tvisvar og runnið út 15. júní 1987.

Meðan á greiðslustöðvun stóð, hafi Töggur hf. og stefndi tekið þá ákvörðun að framselja stefnda viðskiptamannakröfu á hendur Ingvari Sveinssyni, nnr. 4778-0810, Hegrnesi 22, Garðabæ, en nefndur Ingvar hafi verið forstjóri Töggs hf. á þessum tíma og aðalhluthafi þess. Fjárhæð kröfu þessarar hafi numið 14.021.034 krónum, sem er sama og stefnufjárhæð, og hafi yfirtakan verið reiknuð miðað við 31. 12. 1986. Viðskipti þessi hafi verið færð í ársreikninga félaganna beggja árið 1986. Formlega virðist endanlega vera tekin ákvörðun um þetta með bréfi Ingvars Björnssonar hdl. til Töggs hf., dags. 20. mars 1987, en þar segi svo: „Það staðfestist hér með, að Bíldshöfði 16 hf. hefur samkvæmt beiðni yðar samþykkt að yfirtaka langtímaskuldir Töggs hf. per 31. 12. 1986, að upphæð 12.914.216 kr., auk áfallinna vaxta m. v. sömu tímamörk, 1.106.818 kr., þ. e. alls 14.021.034 kr., gegn framsali Töggs hf. til Bíldshöfða 16 hf. á inneign Töggs hf. hjá Ingvari Sveinssyni á viðskiptareikningi hans sömu fjárhæðar.“

Stefnandi heldur því fram, að sú ráðstöfun Töggs hf. að afhenda stefnda ofangreinda kröfu til greiðslu á öðrum skuldbindingum Töggs hf. hafi verið ólögmat, greiðslueyrir óvenjulegur og greiðslan ekki venjuleg eftir atvikum, sbr. 54. gr. 1. nr. 6/1978. Jafnframt er því haldið fram, að rifta megi greiðslu þessari á grundvelli 61. gr. 1. nr. 6/1978, þar sem ráðstöfun þessi hafi á ótilhlýðilegan hátt verið kröfuhafa, þ. e. stefnda, til hagsbóta á kostnað annarra eða leitt til þess, að eignir þrotamanns hafi ekki verið til reiðu til fullnustu öðrum kröfuhöfum. Þá sé ítrekað, að greiðsla þessi hafi farið fram, á meðan greiðslustöðvun hafi staðið yfir.

Á grundvelli 62. gr. 1. nr. 6/1978 sé þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda ofangreinda kröfu, þar sem hann hafi ekki fengist til að greiða hana þrátt fyrir áskorun þar að lútandi.

Á skiptafundi í þrotabúí Töggs hf. 12. október 1987 hafi verið samþykkt málshöfðunarheimild handa skiptastjóra þrotabúsins til riftunar ofangreindrar kröfu.

## II.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málsástæður og málavexti, að skömmu eftir móttöku stefnda á kröfubréfi stefnanda, dags. 13. október, hafi lögmaður stefnda tilkynnt lögmanni stefnanda, að stjórn stefnda myndi samþykkja riftun, en þar sem framkvæmdastjóri stefnda væri á förum til útlanda, yrði erindi stefnanda afgreitt á formlegum stjórnarfundum hjá stefnda eftir heimkomu framkvæmdastjórans, en þó með því skilyrði, að krafa

stefnda á hendur stefnanda sömu fjárhæðar kæmist að við skipti á búi stefnanda, en þeirri kröfu hafði eðlilega ekki verið lýst í búið vegna kröfuframsalsins. Jafnframt var tekið fram, að stjórn stefnda hefði samþykkt riftunarkröfu stefnanda að þessu leyti með vísan til hins víðtæka riftunarréttar, sem VIII. kafli l. nr. 6/1978 heimili, sbr. t. d. 59. gr. þeirra laga, en án þess þó að stefndi teldi sig á nokkurn hátt hafa brotið gegn ákvæðum l. nr. 6/1978 eða reynt að hagnast á einhvern hátt með ráðstöfunum þessum.

Greiðslukröfu stefnanda um framangreinda fjárhæð sem og vaxtakröfu sé eindregið mótmælt. Engar greiðslur hafi gengið milli aðila, né hafi hinn nafngreindi einstaklingur greitt stefnda framangreinda fjárhæð. Við riftunina hafi stefnandi öðlast rétt til greiðslu frá hinum nafngreinda einstaklingi, og ósannað sé með öllu, að hin umdeilda ráðstöfun hafi á nokkurn hátt haft tjón í för með sér fyrir stefnanda né stefndi hagnast á nokkurn hátt.

Jafnframt telji stefndi mjög ósanngjarnt og óeðlilegt, að stefndi greiddi stefnanda fjárhæðir þessar, þar sem stefndi hafi ekki fengið þessar fjárhæðir greiddar, sbr. 65. gr. l. nr. 6/1978.

Jafnframt sé á það að líta, að skv. 65. gr. l. nr. 6/1978 sé heimilt að skila greiðslum í þeim mæli, sem þær séu til, og þar sem kröfuframsalið falli úr gildi með máli þessu, þyki stefnda rétt, að tilvitnuðu lagaákvæði verði beitt, þ. e., að stefnandi fái kröfuna á hinn nafngreinda einstakling, en stefndi fái að nýju kröfu, að fjárhæð 14.021.034 kr., á hendur stefnanda, og komist sú krafa að við búskiptin.

Því sé mótmælt með öllu, að 54. og 61. gr. l. nr. 6/1978 eigi við um atvik málsins.

Gefið hafa skýrslur fyrir dómi í máli þessu Ingvar Björnsson, Ingvar Sveinsson og Garðar Eyland Bárðarson.

### III.

Fyrir liggur, sbr. tilvitnað bréf lögmanns stefnda til Töggs hf., dags. 20. mars 1987, að Töggur hf. framseldi stefnda þá viðskiptamannakröfu, sem mál þetta er sprottið af og fyrr greinir. Ráðstöfun þessi var gerð, meðan á greiðslustöðvun hjá Töggi hf. stóð, en heimild til greiðslustöðvunar var veitt 2. febrúar 1987. Frestdagur telst vera 30. janúar 1987, er beiðni um greiðslustöðvun var sett fram, sbr. l. tl. 1. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Krafa þessi er færð stefnda til eignar árið 1986, svo sem sést af fram lögðum ársreikningum félaganna og bréfi Gylfa Gunnarssonar, löggilts endurskoðanda, dags. 28. júní 1987. Svo sem fram kemur í sóknargögnum, var tekin sú ákvörðun á skiptafundi í þrotabúi Töggs hf. 12. október 1987 að mótmæla þeirri ráðstöfun félagsins fyrir gjaldþrot að framselja stefnda kröfur þessar

á Ingvar Sveinsson, og var skiptastjóra veitt málshöfðunarheimild vegna búins.

Framangreind ráðstöfun á kröfu þessari var Töggi hf. óheimil samkvæmt 8. gr. laga nr. 6/1978. Þar sem hér var um að ræða ráðstöfun, sem gerð var eftir fresting, á riftunarkrafa stefnanda sér stoð í 1. mgr. 59. gr. laganna, auk þess sem telja verður, að greiðslueyrir hafi verið óvenjulegur í skilningi 54. gr. laganna. Að þessu virtu, en einnig því, að aðilar eru sammála um, að riftun nái fram að ganga, verður fallist á riftunarkröfu stefnanda í málinu.

Samkvæmt fram lagðri yfirlýsingu skiptaráðandans í Kjósarsýslu, dags. 23. október 1991, var bú Ingvars Sveinssonar tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Kjósarsýslu 14. mars 1990. Þar segir og, að engar eignir hafi fundist í búinu og skiptum verið lokið 5. september 1990, með vísan til 120. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Fyrir liggur, að kröfu þeirri, sem mál þetta fjallar um, að fjárhæð 14.021.034 kr., var ekki lýst í þrotabúið, en alls var lýst kröfum samtals að fjárhæð 18.021.612,65 kr.

Samkvæmt fram lögðu vottorði Gylfa Gunnarssonar, löggilts endurskoðanda, dags. 31. október 1991, hefur stefndi gert upp skuldir Töggs hf., sem yfirteknar voru og hvíldu á fasteigninni Bíldshöfða 16 í Reykjavík, með samtals 34.848.810 krónum. Hins vegar hefur framseld viðskiptakrafa á hendur Ingvari Sveinssyni að engu leyti komið stefnda að notum, og má ætla, að um ónýta kröfu hafi verið að ræða frá upphafi. Samkvæmt framansögðu verður ekki talið, að skilyrði séu til greiðslu umstefndrar fjárhæðar úr hendi stefnda, og þá, hvort sem farið er að ákvæðum 62. eða 63. gr. laga nr. 6/1978. Ber því að sýkna stefnda af þeirri kröfu stefnanda.

Fyrir liggur samkvæmt framansögðu, að stefndi hefur greitt samtals 34.848.810 kr. vegna yfirtöku veðskulda, sem stefnandi er skuldari að. Þykir því rétt að taka til greina þá kröfu stefnda, að hann komi að kröfu sömu fjárhæðar og rift er við skipti á búi stefnanda.

Með hliðsjón af úrslitum málsins samkvæmt framansögðu þykja ákvæði 64. gr. laga nr. 6/1978 ekki koma til álita.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Greiðslu Töggs hf. til stefnda, Bíldshöfða 16 hf., að fjárhæð 14.021.034 kr., per 31. 12. 1986, sbr. bréf Ingvars Björnssonar hdl., dags. 20. mars 1987, er rift.

Stefndi, Bíldshöfði 16 hf., skal vera sýkn af fjárkröfu stefnanda, þrotabús Töggs hf., í máli þessu.

Krafa stefnda sömu fjárhæðar skal komast að við skipti á búi stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---